

AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Austurvegur, tengivirki, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 11. maí 2017 deiliskipulagstillögu fyrir Austurveg, tengivirki. Tillagan tekur til tveggja lóða innan sama iðnaðarsvæðis. Gert er ráð fyrir byggingu nýrrar aðveisustöðvar og heimild til staékkunar núverandi aðveisustöðvar. Einnig er heimilt að byggja á lóðinni allt að 3.000 m² lagerhúsnæði.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Bryggjur, deiliskipulag.

Byggðarráð Rangárþings eystra samþykkti þann 22. júní 2017 deiliskipulagstillögu fyrir Bryggjur. Tillagan tekur til um 2,6 ha landspíldu úr jörðinni Skíðbakka 1, sem nefnist Bryggjur og var áður gamalt býli. Gert er ráð fyrir þremur byggingarreitum fyrir byggingu íbúðarhúss, viðbyggingu við núverandi gestahús og nýtt gestahús.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Núpsbakki 1, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 11. maí 2017 deiliskipulagstillögu fyrir Núpsbakka 1. Tillagan tekur til um 7,5 ha af jörðinni Núpsbakka 1, landnr. 175933. Tillagan tekur til fjögurra byggingarreita, fyrir staékkun núverandi íbúðarhúss og fjárhúss, fyrir byggingu nýs íbúðarhúss og nýs frístundahúss.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Lambafell, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 11. maí 2017 deiliskipulagsbreytingu fyrir Lambafell. Tillagan gerir ráð fyrir að byggingarreitur nr. 2, þar sem gert var ráð fyrir byggingu skemmu verði felldur niður. Í staðinn er gert ráð fyrir 15 lóðum og byggingarreitum fyrir smáhýsi sem hugsuð eru til útleigu. Stærð hvers smáhýsis getur verið allt að 30 m². Að öðru leyti gilda skilmálar gildandi deiliskipulags.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 23. apríl 2018.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Anton Kári Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.